



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. október 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki, 204. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 13. október þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan lýtur að því að Alþingi feli forsætisráðherra að vinna að heildstæðri úttekt á löggjöf og regluverki með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði.

Árið 2020 fékk atvinnuvegaráðuneytið OECD til að gera samkeppnismat á regluverki íslensks byggingariðnaðar og íslenskri ferðaþjónustu. Í niðurstöðuskýrslu mátti finna 438 tillögur til breytinga á íslensku regluverki til einföldunar og aukinnar samkeppnishæfni. Óþarflega íþyngjandi regluverk sem hamlar samkeppni hefur skaðleg áhrif á hagvöxt. Um er að ræða jákvætt framtak af hálfu stjórnvalda til einföldunar regluverks en að mati SA er mikilvægt að fram fari heildstætt mat á íslenskri löggjöf og regluverki. SA fagna því fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu.

Til þess að einfalda lagaumhverfi er mikilvægt að meta hvort gildandi reglur séu óþarflega íþyngjandi fyrir atvinnulífið og hvort þær þjóni því markmiði sem stefnt var að þegar þær voru settar. Að sama skapi þarf að vera á varðbergi við innleiðingu nýrra reglna. Það þarf að passa að þær flæki ekki reglurammann um of, þannig að erfitt sé fyrir fyrirtæki að framfylgja þeim. Þá þarf að fara fram heildstætt mat á fyrirbyggjandi regluumgjörð, þannig að gömlum reglum sé skipt út fyrir nýjar í stað þess að stöðugt sé bætt við þær sem fyrir eru. Það þarf að gæta að því að Evrópureglur sé ekki innleiddar á Íslandi með meira íþyngjandi hætti en gert er í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Að sama skapi þarf að rökstyðja það sérstaklega þegar við innleiðingu Evrópureglna er ákveðið að setja séríslenskar reglur (gullhúðun) eða ívilnandi undanþágur eru ekki nýttar.

Það er mikilvægt að íslenskt atvinnulíf búi við skýrar og góðar leikreglur. Lagaumhverfi og eftirlit má þó ekki vera of íþyngjandi. Það eykur kostnað fyrirtækja sem aftur minnkar svigrúm þeirra til launahækkana og veikir samkeppnishæfni þeirra gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Veikari samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs leiðir til þess að störf verða færri en ella og starfsöryggi minna. Fyrirtæki skila minni skatttekjum og hið opinbera verður því verr í stakk búið til að standa undir grunnþjónustu sinni við almenning. Einföldun lagaumhverfis atvinnulífsins er því hagsmunamál allra landsmanna og nauðsynlegur þáttur til að bæta kjör og tryggja næga atvinnu.



Við gerð lagafrumvarpa er í fáum tilvikum lagt mat á efnahagsleg áhrif lagasetningar en mat á áhrifum á ríkissjóð og kynjajafnrétti er almennt fyrir hendi. SA leggja mikla áherslu á að við fyrirhugaða lagasetningu fari alltaf fram efnahagslegt mat á áhrifum hennar og mögulegum afleiðingum eða ávinningi fyrir atvinnulífið. Það er gert í löndunum sem við berum okkur saman við og er mikilvægur þáttur í vandaðri lagasetningu. Þetta mætti koma sérstaklega til skoðunar við gerð samkeppnismatsins.

Í ljósi framangreinds eru SA fylgjandi því að þingsályktunartillagan fái framgöngu og að ráðist verði í heildstæða úttekt á íslenskri löggjöf og regluverki með tilliti til samkeppnishindrana.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir